

Fundargerð

199. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Mánudaginn 31. mars 2014 kl. 12¹⁵–13¹⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ársreikningur 2013
- (3) Rekstraráætlun 2014 - 2016
- (4) Raftæki
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (198. fundar).

2. Ársreikningur 2013

Fjársýslan hefur lokað bókhaldi sjóðsins 2013. Hann hefur ekki verið sendur Úrvinnslusjóði til yfirlstrar.

Lagt var fram á fundinum innlegg í skýrslu stjórnar í ársreikningi um skuldbindingar sjóðsins. GGÞ lagði á það áherslu að fá skoðanir stjórnarmanna á framsetningu hans við mat á skuldbindingum Úrvinnslusjóðs.

3. Rekstraráætlun 2014 - 2016

Lagt var fram á fundinum endurbætt drög að rekstraráætlun, frá síðasta fundi fyrir 2014 - 2016. ÓK fór yfir helstu niðurstöður og breytingar frá síðasta fundi.

Rekstraráætlun 2014 – 2016 samþykkt.

4. Raftæki

Fært undir SN fund.

5. Önnur mál

Rætt um plastumbúðir. Blandaðar plastumbúðir eru leyfisskyldur útflutningur. Þjónustuaðilar eru að útvegasér þau leyfi. Úrvinnslusjóður hefur gengið frá samningi við DELA, þannig að ekkert á að standa í vegi fyrir því að þjónstuaðilar geti flutt blandaðan plastúrgang til endurvinnslu og endurnýtingar hjá DELA.

Næsti fundur ákveðinn 23.apríl 2014.
Fundi slitið kl 13:10